

Skýrsla Stjórnar Hídí árið 2021



Stjórn Hídí

Formaður Halldór Gunnar Victorsson

Gjaldkeri Ólöf Guðmundsdóttir

Ritari G.Snorri Ólason

Meðstjórnandi Sigurður Kolbeinsson

Fræðslunefnd Svafar Magnússon

Fræðslunefnd Sigurður Ævarsson.

Aðalfundur félagsins fór fram á Teams þann 19. janúar 2021 og tókst gríðalega vel og sparaði mörgum ferð í bæinn.

Þar sem oft er leiðindaveður á þessum tíma.

Endurmenntun 2021 var líka rafræn þar sem að hver og einn dæmdi hross og skilaði inn tölum. Siðareglur og hegðun dómara var fyrirferðamikill þáttur hjá okkur. Á endurmenntun eru að koma um 80 dómara.

26.apríl fengum við Mettu Mannseth til að vera með fyrirlestur á Teams fyrir okkar dómara og efnið var líkamsbeiting og gangskiptingar.

Vorið og sumarið gekk nokkuð vel fyrir sig, en þar sem að var covid þurftum við dómara oft að mæta einir til leiks og enginn samskipti við einn eða neinn. Þetta þýddi að við þurftum að taka með okkur ritara að heiman eða rita einir. Við gerðum allt til þess að mótahald gæti gengið sem eðlilegast fyrir sig, en þetta er í raun ekki boðlegt fyrir keppendur til lengri tíma. Þegar fleirri en einn er inn á vellinum í einu missir dómari alltaf af einhverju það er bara þannig. Þetta ástand er vonandi að klárast og vonandi getum við á næsta tímabili farið að vinna þetta eins og áður. Þ.e.a.s það er ekki hægt að ætlast til þess að dómari sé ritari líka. Hagræðing á mótum þarf að fara fram með öðrum hætti en sparnaður á dómurum að okkar mati.

Hídí hefur verið að þróa punkta sem sendir eru á mótshalda og yfirdómara á hverju móti til þess að fá til okkar það sem betur mætti fara og hefur virkað vel upp á gagnasöfnun.